



Fundur í skólaráði Grunnskólans í Borgarnesi

18. desember 2025

Mætt voru:

Skólastjóri: Guðlaug Erlendsdóttir

Fulltrúar kennara: Helena Björk Guðmundsdóttir og Þórhildur Bachman

Fulltrúi starfsfólks: Fanney Þorkelsdóttir

Fulltrúar foreldra: Kristín Magdalena Ágústsdóttir og Stefán Dahl

Fulltrúi grenndarsamfélags:

Fulltrúar nemenda:

Skólastjóri setti fundinn kl. 8:30.

Nýtt skólaráð kom saman á fyrsta fundi vetrarins og bauð skólastjóri öll velkomin.

- Skólastjóri afhenti meðlimum skólaráðs „Reglugerð um skólaráð við grunnskóla“ útgefnu af Menntamálaráðuneytinu. Þar er farið yfir hlutverk og skipan skólaráðs við grunnskóla.
- Skólastjóri fór yfir það hvernig skólaárið fór af stað í haust bæði hvað framkvæmdir varðar, ráðningar o.þ.h.
- Starfsáætlun skólans var stuttlega kynnt og benti skólastjóri á að hana væri að finna á heimasíðu skólans en það ætti eftir að uppfæra nýkjörna stjórn foreldrafélagsins og fulltrúa foreldra í skólaráði.
- Vinna við fjárhagsáætlun 2026 var rædd stuttlega.
- Farið var yfir eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands þar sem eldhús skólans var tekið út og voru niðurstöður jákvæðar.
- Farið var yfir nýjar skólareglur sem taka munu gildi 1.janúar 2026 og varðar símalausan skóla. Þessar reglur hafa verið kynntar starfsmönnum skólans, stjórn nemendafélagsins, nemendum, stjórn foreldrafélagsins, bekkjarfulltrúum og skólaráði. Almenn ánægja er með þá ákvörðun að hafa skólann símalausan.

Annað ekki rætt og fundi slitið 9:20

Guðlaug Erlendsdóttir

Skólastjóri